

Ár 2011, fimmtudaginn 17. febrúar kl. 17 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mættir voru: Guðmundur Þór Guðjónsson, Eyþór H. Ólafsson og Róbert Hlökkversson.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Guðmundur Þór Guðjónsson, formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Formaður lagði fram eftirfarandi dagskrárbreytingartillögu: Við fundarboð bætist liður 2.3. Minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa frá 16.02.11 vegna Borgarhrauns 36, stækkun lóðar. Dagskrárbreytingartillagan samþykkt samhljóða.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. **Bréf sem borist hafa frá:**

1.1. **Umhverfisaráðuneytinu frá 31. janúar 2011.**

Í bréfinu vekur ráðuneytið athygli á því að ný lög, lög um mannvirki nr. 160/2010, sem fjalla um byggingar og önnur mannvirki tóku gildi um síðustu áramót.

Lagt fram til kynningar.

1.2. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 9. febrúar 2011.**

Í bréfinu er kynnt námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn sem haldið er í samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

1.3. **Bandalagi íslenskra skáta frá 11. febrúar 2011.**

Í bréfinu er óskað eftir styrk til að halda Góðverkadagana 2011.

Bæjarráð hvetur stofnanir og fyrirtæki til að taka þátt í góðverkadögunum 2011 en því miður sér bæjarráð sér ekki fært að styðja við átakið með fjárframlagi.

1.4. **Ungmennafélagi Íslands frá 28. janúar 2011.**

Í bréfinu er kynnt auglýsing frá stjórn Ungmennafélags Íslands eftir umsóknnum frá sambandsaðilum UMFÍ um að taka að sér undirbúning og framkvæmd 16. og 17. Unglingalandsmót UMFÍ.

Lagt fram til kynningar.

1.5. **Félagsmálanefnd uppsveita Árnassýslu og Flóa frá 2. febrúar 2011.**

Í bréfinu er ályktun fundar félagsmálanefndarinnar frá 2.02.2011 þar sem nefndin skorar á ríkisstjórnina að tryggja fullnægjandi löggæslu í Árnassýslu.

Lagt fram til kynningar.

2. Tæknileg málefni:**2.1. Minnisblað bæjarstjóra frá 15. febrúar 2011 vegna starfshóps „Blóm í bæ“.**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra þar sem hún gerir grein fyrir tillögu frá undirbúningshópi um að skipaður verði starfshópur til að hafa yfirumsjón með framkvæmd sýningarinnar „Blóm í bæ 2011“

Bæjarráð samþykkir að eftirtaldir skipi starfshópin:

Formaður Garðyrkjufélags Íslands, formaður Sambands garðyrkjubænda, fulltrúi frá stjórn Félags blómaskreyta, bæjarstjóri og formaður mannvirkja- og umhverfisnefndar.

Umhverfissráðgjafi vinni með hópnum. Ekki er greitt fyrir setu í starfshópnum.

2.2. Minnisblað frá menningar- og frístundafulltrúa frá 15. febrúar 2011 vegna atvinnulífssýningar í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Lagt fram minnisblað frá menningar- og frístundafulltrúa þar sem rætt er um atvinnulífssýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur daganna 18. – 21. mars með yfirskriftina „Suðurland já takk“.

Bæjarráð samþykkir að Hveragerðisbær taki þátt í sýningunni með kynningu á því fjölmarga sem hér býðst íbúum og gestum bæjarins. Menningar- og frístundafulltrúa er falið að undirbúa þátttökuna og hvetja um leið önnur fyrirtæki í Hveragerði til að nýta sér þetta tækifæri til markaðssóknar. Bæjarráð hvetur bæjarfulltrúar til að taka virkan þátt í sýningunni með viðveru sinni.

2.3. Minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa frá 16. febrúar 2011 vegna Borgarhrauns 36, stækkun lóðar.

Lagt fram minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa vegna stækkunar á lóðinni Borgarhraun 36.

Bæjarráð samþykkir stækkun lóðarinnar Borgarhraun 36 en samþykktin gildir einnig fyrir lóðirnar Borgarhraun 32 og 34 óski lóðarhafar eftir því.

3. Fjárhagsleg málefni:**3.1. Minnisblað frá skrifstofustjóra frá 15. febrúar 2011 vegna nýrra forrita í Navision bókhaldskerfinu og nýrra innheimtuaðferða.**

Lagt fram minnisblað frá skrifstofustjóra vegna nýrra forrita í Navision bókhaldskerfinu og möguleika á að breyta innheimtu með þeim.

Bæjarráð samþykkir að kaupa forritin og að fruminnheimta krafna færast frá Momentum. Milliinnheimta verði áfram hjá Momentum eins og verið hefur. Með þessu munu íbúar geta skoðað reikninga sína í sérstakri vefgátt á heimasíðu Hveragerðisbæjar og útsendingu reikninga verður hætt nema sérstaklega sé beðið um annað. Bæjarráð leggur áherslu á að nýtt fyrirkomulag verði vel kynnt fyrir bæjarbúum þegar þar að kemur.

3.2. Bréf frá Sýslumanninum á Selfossi frá 24. janúar 2011.

Lagt fram bréf frá Sýslumanninum á Selfossi þar sem hann óskar eftir heimild Hveragerðisbæjar til að mega afskrifa ógreitt útsvar að upphæð kr. 14.716.402.-

Bæjarráð samþykkir afskriftina.

4. Fundargerðir til kynningar:

4.1. Stjórnar SASS frá 11. febrúar 2011.

Vegna liðar 7, hjúkrunarrými – langur biðlisti samþykkir bæjarráð eftirfarandi bókun:

Bæjarráð Hveragerðisbæjar tekur undir bókun stjórnar SASS. Bæjarráð fordæmir þá aðför sem gerð er að öldruðum íbúum í heilbrigðisumdæmi Suðurlands. Á árinu 2010 hefur hjúkrunarrýmum í umdæminu verið fækkað um 19 þrátt fyrir að hlutfallslega sé lengsti biðlistinn á þessu svæði. Bæjarráð hvetur velferðarráðherra til að leiðrétta og endurskoða úthlutun hjúkrunarrýma til svæðisins hið fyrsta og tryggja með því öryggi aldraðra.

Vegna liðar 4, drög af menningarsamningi fyrir Suðurland tekur Bæjarráð undir áhyggjur stjórnar SASS vegna vinnubragða ráðuneytisins við undirbúning menningarsamnings fyrir Suðurland. Samningurinn hefur haft mikið gildi fyrir menningarlíf á Suðurlandi og brýnt er að framvinda þeirra mála raskist ekki með vanhugsuðum ákvörðunum ráðuneytisins.

4.2. Stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 7. febrúar 2011.

4.3. Stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands frá 14. febrúar 2011.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:50

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)